

Viðskiptaafgangur var 1,6 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2018 – hrein staða við útlönd jákvæð um 261 ma.kr.

Á öðrum ársfjórðungi 2018 var 1,6 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Þetta sundurliðast þannig að halli á vöruskiptajöfnuði var 49,8 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði¹ var 55 ma.kr. Þá skiluðu frumþáttatekjur 0,1 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 3,6 ma.kr. halla (sjá töflu).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2018 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.250 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 2.989 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 261 ma.kr. eða 9,8% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 69 ma.kr. eða 2,6% af VLF í fjórðungnum. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 15 ma.kr. í fjórðungnum. Erlendar eignir jukust um 15 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en skuldir stóðu á jöfnu. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 59 ma.kr. Skýrist það af 3,1% lækkun á gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog og rúmlega 1% verðhækkunum á erlendum verðbréfamörkuðum í ársfjórðungnum.

¹ [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

² Sjá Hagtölur á www.seðlabanki.is

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2017/2</u>	<u>2017/3</u>	<u>2017/4</u>	<u>2018/1</u>	<u>2018/2</u>
Viðskiptajöfnuður	11,9	65,1	2,9	3,2	1,6
Vöruskiptajöfnuður	-46,7	-46,5	-37,9	-27,2	-49,8
Þjónustujöfnuður	61,4	115,9	51,9	34,8	55,0
Jöfnuður frumþáttatekna	2,5	0,3	-5,4	0,6	0,1
Rekstrarframlög, nettó	-5,3	-4,6	-5,7	-5,1	-3,6
Jöfnuður fjárframlaga	-0,3	-0,3	-0,5	-0,4	-0,4
Fjármagnsjöfnuður	6,6	75,7	6,3	57,3	14,9
Bein fjárfesting	29,0	-24,6	-10,9	30,3	9,2
Verðbréf	156,0	47,4	38,6	-25,4	1,2
Afleiður	2,4	3,9	-0,4	1,8	0,7
Önnur fjárfesting	-73,0	27,2	-22,4	75,4	-0,6
Gjaldeyrisforði	-107,7	21,8	1,3	-24,8	4,3
Skekkjur og vantalið, nettó	-5,0	10,9	3,9	54,6	13,7

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2018/1	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2018/2
Erlendar eignir, alls	3.090	15	141	4	3.250
Bein fjárfesting	695	2	17	1	715
Verðbréf	1.145	14	86	-1	1.244
Afleiður*	15	1	-5	0	10
Önnur fjárfesting	583	-6	16	5	598
Gjaldeyrisforði	652	4	26	-1	682
Erlendar skuldir, alls	2.898	0	82	9	2.989
Bein fjárfesting	1.105	-7	33	2	1.133
Verðbréf	1.173	12	20	4	1.210
Afleiður*	8	0	2	0	10
Önnur fjárfesting	612	-5	27	3	636
Hrein staða þjóðarbúsins	191	15	59	-4	261
% af VLF	7,2%	0,6%	2,2%	-0,2%	9,8%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.